

## Því dæmist rétt vera:

Framantalin meidandi ummæli um áfrýjanda, landlækni dr. J. Jónassen, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi ritstjóri Björn Jónsson greiði sekt til landssjóðs 40 krónur, eða sæti 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist í tæka tíð. Svo greiði hann og málskostnað til áfrýjanda 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1901.

Sigurður Thoroddsen

gegn

W. Ó. Breiðfjörð.

## D ó m u r :

Áfrýjandinn, verkfræðingur Sigurður Thoroddsen höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, út af meidandi ummælum um áfrýjanda í 2 nafnlausum greinum í blaðinu »Reykvíkingur«, X. árg. 5. tölubl. og XI. árg. 1. tölubl., en stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, og var málið dæmt á bæjarþinginu 11. apríl þ. á. á þá leið, að hin átöldu ummæli í X. árg. 5. tölubl. blaðsins voru dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur í 30 króna sekt til landssjóðs fyrir þau, en til vara 8 daga einfalt fangelsi, og til að greiða 12 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Sigurður Thoroddsen

skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. júlí þ. á. og krafist þess, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir öll hin umstefndu ummæli, einnig fyrir aðdróttun þá, sem hann var sýknaður um í undirréttinum, að sektarákvæði undirréttardómsins yfir höfuð að tala verði hert eftir strangleik laganna, að öll hin umstefndu ummæli verði dæmd ómerk, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati dómsins. Stefndi W. Ó. Breiðfjörð hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 5. ágúst þ. á., og gert þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá bæjarþingsréttinum að öllu eða nokkru leyti, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til þess að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir gert að sakarefni, eru sumpart í grein einni í 5. tölubl. af X. árg. »Reykvikings«, 1. maí 1900, með fyrirsögninni: »Umtalið á götunum um nýju fulltrúana«, og eru þau þessi: »En að þeir skyldu fara að kjósa hann (o: Sigurð Thoroddsen) í bæjarstjórnina. Hann sem er sagður svo latur«. »Og fer svo seint á fætur«, sumpart í grein í 1. tölubl. af XI. árg. sama blads með fyrirsögninni: »Hinn stóri borgarafundur í Reykjavík 17. desbr. 1900«, og eru þau þessi: »Vegafénu var að mestu eytt í fyrra vetur til óþarfs klakahöggs undir veg o. fl.«

og er í greininni aðaláfrýjanda gefin sök á þessu. Gagnáfrýjandi hefir haldið því fram, að hér sé blandað saman 2 ósamkynja málum, og að það beri því að frávísa málinu annaðhvort í heild sinni eða að nokkru leyti frá undirréttinum. En þetta er ekki rétt. Öll hin átöldu ummæli voru í hér-  
aði kærð sem meiðyrði og stefnt fyrir þau sem meiðyrði, og var ekkert því til fyrirstöðu, að stefnt væri fyrir þau öll í sömu sökinni. Jafnframt skal þess getið, að ekkert það er að athuga við sátta-  
kæru eða sáttaumleitun í málinu, að fyrir þá skuld hafi borið að vísa málinu frá bæjarþingsréttinum.

Að því er snertir hin átöldu ummæli, er yfir-  
rétturinn samdóma undirdómaranum um það, að það varði gagnáfrýjanda eigi við lög, þótt hann hafi sagt, að »vegafénu hafi að mestu verið eytt til óparfs klakahöggs«; svo verður það eigi heldur talið saknæmt meiðyrði, þótt sagt sé um aðaláfrýj-  
anda, að hann »fari seint á fætur«, og verður að sýkna gagnáfrýjanda að því er þessi ummæli snertir, enda ræðir hvorki kæran né stefnan í málinu um misgjörð eftir 222. gr. hegningarlaganna.

Þar sem gagnáfrýjandi í hinni umræddu grein hefir borið það á aðaláfrýjanda, að hann »sé sagður svo latur«, þá er þetta áburður, sem hlyti að verða álitni aðaláfrýjanda til hnekkis, ef hann væri sannur, og með því að hann eigi er að neinu leyti réttlættur, verður að dæma hann ómerkan, og sekta gagnáfrýjanda fyrir hann samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir sektin hæfilega ákveðin 30 krónur, er renni í landssjóð,

en í stað hennar komi 6 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðyrði um aðaláfrýjanda Sigurð Thoroddsen verkfræðing í 5. tölubl., X. árgangi blaðsins »Reykvíkingur«, sem kom út 1. maí 1900, eiga að vera dauð og ómerk. Gagnáfrýjandi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð greiði sekt til landssjóðs 30 krónur, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1901.

Sigurður Thoroddsen  
gegn  
W. O. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði af áfrýjandanum, verkfræðing Sigurði Thoroddsen, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. O. Breiðfjörð, fyrir ummæli nokkur í